

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 96 – 14.01.2008

Mánudaginn 14. janúar, árið 2008, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Verið ehf.
2. Breyting á fjárhagsáætlun 2008
3. Þriggja ára áætlun
4. Hitaveitumál í Varmahlíð
5. Styrkir frá ríkinu vegna stofnkostnaðar við nýjar hitaveitur.
6. Innheimtumál - seðilgjöld.
7. Starfsmannamál.
8. Önnur mál.
 1. Bréf frá Sigurði Páli Haukssyni
 2. Bréf frá Samorku
 3. Skjalavinnslukerfi

Afgreiðslur:

1. Gísli Svan Einarsson framkvæmdarstjóri Versins ehf á Sauðárkróki kom á fundinn undir þessum lið. Gísli kynnti starfssemi Versins og helstu framtíðaráform. Ákveðið að greiða áður samþykkt hlutfjárloforð til Versins ehf.
2. Við endurskoðun á áföllum vöxtum og verðbótum 2008 breytast niðurstöður fjárhagsáætlunar 2008 og verða eftirfarandi. Tekjur 188.890.000.- Gjöld 166.955.000.- Handbært fé frá rekstri 21.935.000.- Til fjárfestinga 128.215.000.- Samþykkt.
3. Þriggja ára áætlun tímabilið 2009 til 2011 lögð fram til kynningar og til fyrri umræðu í sveitarstjórn. Margeir Friðriksson fjármálastjóri Sv. Skagafjarðar kom á fundinn undir þessum lið.
4. Páll Pálsson kynnti þá samninga sem eru í gildi við Varmahlíðarstjórn og Varmahlíðarskóla vegna hitaveitu í Varmahlíð. Samþykkt að taka þessi mál upp við byggðaráð Sv. Skagafjarðar.
5. Páll Pálsson lagði fram upplýsingar um þá styrki sem Skagafjarðarveitur eiga eftir að fá greidda frá ríki vegna stofnkostnaðar við lagningu hitaveitna á Steinstöðum og Hofsós, einnig vegna styrkjar vegna hitaveitu í Akrahreppi.
6. Samþykkt að fella niður seðilgjöld frá 1. janúar 2008.
7. Rætt um starfsmannamál.
8. Önnur mál.

1. Bréf dags. 15.11. 2007 frá Sigurði Páli Haukssyni, þar sem er óskað er eftir upplýsingum kostnað að leggja hitaveitulögn og hugsanlegri hlutdeild undirritaðs í slíkum kostnaði að Lynghólma sem er landspilda sem áður tilheyrði Stokkhólma í Akrahreppi. Einnig er óskað eftir því að Skagafjarðarveitur komi að lagningu lagnarinnar. Samþykkt að fá kostnaðaútreikninga frá Stoð ehf og Páli falið vinna áfram að málinu.

2. Bréf dags. 5.12.2007 frá Samorku þar sem er óskað eftir því við Skagafjarðarveitur að þær taki þátt í verkefni í tilefni þess að það eru 100 ár liðin frá því að Íslendingar hófu nýtingu jarðhita til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Samþykkt að taka þátt í kostnaði að sínum hluta við verkefnið, sem er 202.500.-.

3. Margeir Friðriksson gerði grein fyrir nýju skjalavinnslukerfi sem er búið að taka upp á skrifstofum Sveitarfélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.10

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.